

Miðvikudaginn 13. nóvember 1996.

Nr. 405/1996.

Erla Sampica Bjarnadóttir

(Þórólfur Beck hrl.)

gegn

Jóhannesi Ólafssyni og

Ástríði Ólafsdóttur

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Kærumál. Opinber skipti á dánarbúi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. nóvember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. október 1996, þar sem hafnað var þeirri kröfu sóknaraðila og Sigurðar Kristmundssonar, sem átti aðild að málinu samhliða henni í héraði, að dánarbú Kristbjargar Jónsdóttur, sem lést 1. júní 1947, yrði tekið til opinberra skipta. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að dánarbú Kristbjargar verði tekið til opinberra skipta og varnaraðilum gert að greiða henni málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fyrirnefndur Sigurður Kristmundsson hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður fallist á, að varnaraðilar geti með réttu átt aðild að málinu til að hafa uppi andmæli gegn kröfu sóknaraðila um opinber skipti.

Samkvæmt fram lögðu ljósriti úr dánartilkynningabók borgarfégetans í Reykjavík tilkynnti Ólafur Jóhannesson, tengdasonur Kristbjargar Jónsdóttur, andlát hennar og kvað hana engar eignir hafa átt. Tilkynning þessi er ekki dagsett, en af umræddu ljósriti verður þó ráðið, að hún hafi verið birt skömmu eftir andlátið.

Með viðtöku framangreindrar tilkynningar og færslu hennar í dánartilkynningabók lauk skiptaráðandinn í Reykjavík skiptum á

dánarbúi Kristbjargar með stoð í 1. mgr. 10. gr. þágildandi laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Þau málalok mátti reisa á frásögn venslamanns hinnar látnu, þótt hann hafi ekki verið meðal erfingja hennar, og var engin þörf á að leita afstöðu erfingja eða umboðs þeirra til tilkynnanda andlátsins til að ljúka skiptum á þennan hátt. Þá stóð það ekki þessum málalokum í vegi, að einn erfingi hinnar látnu hefði verið ófjárráða vegna æsku, enda tóku ákvæði a-liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 3/1878 um skyldu til opinberra skipta vegna tilvistar ófjárráða erfingja aðeins til tilvika, þar sem um eignir væri að ræða í dánarbúi.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður ekki fallist á, að sóknaraðili hafi sýnt fram á, að fullnægt sé skilyrðum 2. mgr. 38. gr., sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 20/1991, fyrir opinberum skiptum á dánarbúi Kristbjargar Jónsdóttur. Verður úrskurður héraðsdómara því staðfestur.

Sóknaraðili verður dæmd til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Erla Sampica Bjarnadóttir, greiði varnaraðilum, Jóhannesi Ólafssyni og Ástríði Ólafsdóttur, hvoru um sig, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. október 1996.

I.

Mál þetta var þingfest 24. júní 1996 og tekið til úrskurðar 10. þessa mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðilar eru Erla Sampica Bjarnadóttir, kt. 020637-3159, til heimilis að 1898-RT-374 Ellenburg Depot, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og Sigurður Kristmundsson, kt. 230720-4959, Heiðmörk 20, Hveragerði.

Varnaraðilar eru Ástríður Ólafsdóttir, kt. 300526-3229, Stóragerði 18, Reykjavík, og Jóhannes Ólafsson, kt. 010922-2759, Nönnustíg 12, Reykjavík.

Sóknaraðilar krefjast þess, að dánarbú Kristbjargar Jónsdóttur, fæddrar

22. febrúar 1859, sem lést 1. júní 1947 og síðast var til heimilis að Grundarstíg 2, Reykjavík, verði tekið til opinberra skipta. Þá krefjast þau, hvort um sig, að varnaraðilar verði úrskurðuð til að greiða þeim málskostnað óskipt.

Af hálfu varnaraðila eru gerðar þær dómkröfur, að synjað verði þeirrar kröfu sóknaraðila, að fram fari opinber skipti á ofangreindu dánarbúi og sóknaraðilar úrskurðuð til að greiða þeim óskipt málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts.

II.

Hinn 1. júní 1947 lést Kristbjörg Jónsdóttir, fædd 22. febrúar 1859, til lögheimilis að Grundarstíg 2 hér í borg, og í tilefni þess tilkynnti Ólafur Jóhannesson, tengdasonur hinnar látnu, skiptaráðandanum í Reykjavík, að eignir dánarbúsins væru ekki meiri en fyrir útfararkostnaði, sbr. 1. mgr. 10. gr. þágildandi skiptalaga nr. 3/1978. Samkvæmt því fékk Ólafur búið framsett sér í hendur, og var skiptum þar með lokið.

Með bréfi, dagsettu 1. desember 1995, til Héraðsdóms Reykjavíkur krafðist sóknaraðilinn Erla Sampica Bjarnadóttir opinberra skipta dánarbúsins með vísan til 1. mgr. 38. gr. skiptalaga nr. 20/1991. Erfingjar dánarbúsins voru sem hér segir: Guðrún Sigurðardóttir, dóttir, barnlaus, sem lést árið 1979, Erla Sampica Bjarnadóttir, sonardótturdóttir, og Sigurður Kristmundsson, sonarsonur.

Erfingjar dánarbús Guðrúnar Sigurðardóttur og eiginmanns hennar, Ólafs Jóhannessonar, voru börn Ólafs, varnaraðilarnir Ástríður og Jóhannes, sóknaraðilinn Sigurður Kristmundsson og börn hans, Hrefna Kristbjörg og Kristmundur.

Við fyrirtekt málsins í dóminum 16. janúar 1996 mótmæltu varnaraðilar fram kominni kröfu um opinber skipti og kröfðust þess, að skiptabeiðandi legði fram málskostnaðartryggingu. Með úrskurði dómsins 18. apríl 1996, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 15. næsta mánaðar, var Erlu Sampica Bjarnadóttur, sem þá var ein sóknar megin, gert að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 300.000 kr. Var sú trygging lögð fram og mál þetta síðan þingfest. Við þingfestinguna var Sigurði Kristmundssyni ákveðin varnaraðild, en fyrir aðalmeðferð benti dómari hins vegar lögmanni hans á, að þar sem Sigurður hefði í málalíbúnaði sínum tekið undir kröfu sóknaraðilans Erlu Sampica Bjarnadóttur um opinber skipti, samræmdest það ekki ákvæðum 1. mgr. 120. gr. skiptalaga, að Sigurður væri varnaraðili í málinu. Samkvæmt því ákvað Sigurður í samráði við lögmann sinn og með samþykki annarra aðila að gerast sóknaraðili í málinu, frekar en láta það ekki til sín taka.

III.

Sóknaraðilinn Erla Sampica Bjarnadóttir rökstyður mál sitt því, að hún sé dóttir Ólafar Helgu Kristmundsdóttur, sem lést 22. febrúar 1941, og Bjarna Guðjónssonar, en hann lést 28. ágúst 1950. Foreldrar Ólafar Helgu hafi verið Kristmundur Guðjónsson og Guðfinna Ólafsdóttir, er lést 16. september 1963. Kristmundur, móðurafi sóknaraðila, sem andaðist 19. maí 1929, hafi verið sonur Guðjóns Jónssonar og Kristbjargar Jónsdóttur, og sé hún langamma sóknaraðila, en maður Kristbjargar hafi verið Sigurður Einarsson, er lést 28. desember 1944.

Sóknaraðili kveður Ólaf Jóhannesson, tengdason Kristbjargar, hafa tilkynnt dánarbú hennar eignalaust árið 1947, án þess að nokkurt umboð lægi fyrir af hálfu sóknaraðila, sem hafi verið barn, er þetta gerðist. Hafi sóknaraðili gíft Bandaríkjamanni og flust til Bandaríkjanna í október 1960 og átt heima þar síðan.

Sóknaraðili kveður helstu eignir dánarbúsins vera þann hluta jarðarinnar Norðurkots í Grímsneshreppi, sem Kristbjörg heitin hafi haldið eftir samkvæmt afsali, dagsettu 30. desember 1938. Nokkru af landi þessu hafi þegar verið afsalað undir sumarbústaði, en enn séu þarna eftir nokkrir tugir hektara af kjörlandi undir sumarbústaði, en nákvæm mæling á stærð þess lands liggja ekki fyrir.

Þá telji sóknaraðili Kristbjörgu heitna hafa átt aðrar eignir við andlátid, svo sem peninga, bankainnstæður og annað lausafé. Hafi Ólafur Jóhannesson, tengdasonur hennar, undirritað ýmis afsöl fyrir landspildum úr Norðurkotslandi og móttekið greiðslur fyrir þær í umboði hennar. Sé furðulegt, ef konan hafi ekki átt lausafé við andlátid, þar sem henni hafi, að því er telja verði samkvæmt afsölum, verið greiddar háar fjárhæðir fyrir sumarbústaðalönd úr Norðurkotslandi fram á síðustu æviár, og þarfnist þetta frekari rannsóknar við skiptameðferðina. Liggja fyrir, að Guðrún heitin Sigurðardóttir hafi arfleitt Sigurð Kristmundsson, bróðurson sinn, og börn hans að verulegum hluta eigna sinna, sem hafi verið miklar, að því er virðist af þeirri ástæðu, að verið væri að leiðrétta hlut hans með því að skipta þannig með óbeinum hætti eignum eftir Kristbjörgu Jónsdóttur, sem eigi hefðu komið til skipta og hafnað hjá Guðrúnu og eiginmanni hennar. Sé athyglisvert, að Guðrún og eiginmaður hennar, Ólafur, hafi ein reist allt húsið að Grundarstíg 2 um svipað leyti og sumarbústaðalóðirnar í Grímsnesi voru seldar.

Að lokum vefengir sóknaraðili aðild Ástríðar og Jóhannesar Ólafsbarna að máli þessu, þar sem erfðaskrá sú, er þau reisa aðild sína á, hafi verið gerð áratugum eftir andlát Kristbjargar. Geti hún því ekki haft áhrif á

skiptin eftir hana, en þar að auki sé erfðaskráin gerð af annarri persónu en Kristbjörgu, þ. e. Guðrúnu Sigurðardóttur.

Af hálfu sóknaraðilans Sigurðar Kristmundssonar er tekið undir ofangreindar röksemdir Erlu Sampica Bjarnadóttur og því haldið fram, að í ljós sé leitt, að verulegar eignir hafi verið í dánarbúi ömmu hans, Kristbjargar Jónsdóttur, er hún lést. Hafi yfirlýsing Ólafs Jóhannessonar um eignaleysi hennar því verið röng, enda gefin út á sínum tíma án vitundar sóknaraðila. Hafi hann einskis verið spurður né heldur hafður með í ráðum, er amma hans hafi verið lýst eignalaus. Hafi hún oft sagt honum, að hann fengi daggóðan arf eftir hennar dag. Til stuðnings kröfum sínum vísar sóknaraðillinn til 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl.

Varnaraðilar kveða skiptameðferð dánarbús Kristbjargar Jónsdóttur í raun hafa lokið, er búið var lýst eignalaust hjá skiptaráðandanum í Reykjavík í júní 1947. Engar athugasemdir hafi komið fram við skiptalok þessi, fyrr en krafa sóknaraðila kom fram 1. desember 1995, nákvæmlega 48 og hálfu ári eftir, að skiptameðferð búsins var lokið. Ekkert bendi heldur til annars en bú Kristbjargar heitinnar hafi verið eignalaust við andlát hennar.

Varnaraðilar telja, að allar kröfur um endurupptöku á skiptum dánarbúsins séu löngu fyrndar, m. a. með vísan til 2. mgr. 4. gr. fyrningarlaga, þar sem mælt sé fyrir um tíu ára fyrningarfrest á öllum öðrum kröfum en þeim, sem sérstaklega séu taldar upp í lögunum, sbr. og 2. mgr. 84. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl., sem mæli fyrir um sama fyrningarfrest. Þá hafi sóknaraðili sýnt af sér algert tómlæti í málinu í nærri hálfá öld.

Tilvitnun sóknaraðila í 1. mgr. 38. gr. skiptalaga eigi hér ekki við, þar sem skiptum á dánarbúinu hafi verið lokið árið 1947. Í 2. mgr. 38. gr. segi hins vegar, að taka skuli dánarbú til skipta að kröfu erfingja, ef sýnt þyki fram á, að skilyrði hafi ekki verið til að ljúka skiptum með þeim hætti, sem gert hafi verið. Hér sé sönnunarbyrðin um, að skiptum hafi ekki verið lokið á réttan hátt, lögð á herðar þess erfingja, sem krefjist endurupptöku skiptanna. Sóknaraðili hafi engar slíkar sannanir lagt fram, og beri því þegar af þeim sökum að synja beiðni hennar auk fyrningar kröfunnar og tómlætis. Þá verði á það að benda, að fram lögð gögn sóknaraðila til rökstuðnings kröfum séu mjög ófullnægjandi og því vandséð, hvernig styðja eigi kröfu um endurupptöku á nærri hálfri öld gömlum dánarbússkiptum þeim gögnum, sem sóknaraðili hafi fram að færa. Kristbjörg Jónsdóttir hafi á sínum tíma átt jörðina Norðurkot í Grímsneshreppi í Árnessýslu. Jörðina hafi hún selt með afsali, dagsettu 30. desember 1938. Í afsalinu sé ákvæði um, að ákveðið land skuli vera undanskilið þeirri sölu. Virðist sem sóknaraðili hafi gripið ákvæði þetta og ályktað sem svo, að þarna væri mikið óselt land, sem

Kristbjörg hefði átt á dánardægri. Eigi sú ályktun sóknaraðila sér ekki stöð í veruleikanum, því að umrætt ákvæði eigi sér sínar eðlilegu skýringar, þegar málið sé skoðað. Þá komi í ljós, að er Norðurkot var selt 1938, hafi Kristbjörg þegar verið búin að selja öðrum stóran hluta þeirrar spildu, sem hún undanskildi í afsalinu, og síðan selt næstu árin það, sem eftir hafi verið af landinu, undir sumarbústaði. Hafi þetta verið staðfest við athugun á þinglýsingabókum og uppdráttum af landinu. Sé því sú staðhæfing sóknaraðila í skiptakröfu sinni til héraðsdóms, að í eigu dánarbús Kristbjargar séu enn eftir nokkrir tugir hektara lands, alröng og um efnislegar ástæður til endurupptöku málsins og opinberra skipta ekki að ræða. Kristbjörg heitin hafi hafið sölu á sumarbústaðalöndum úr umræddu landi Norðurkots við Álftavatn þegar árið 1934 og sölurnar yfirleitt farið þannig fram, að tengdasonur hennar, Ólafur Jóhannesson, hafi undirritað skjölin í umboði hennar.

IV.

Sóknaraðilar eru lögerfingjar Kristbjargar heitinnar Jónsdóttur, en hún var langamma Erlu Sampica Bjarnadóttur og amma Sigurðar Kristmundssonar.

Guðrún Sigurðardóttir, eiginkona áðurnefnds Ólafs Jóhannessonar, var dóttir Kristbjargar. Ólafur lést 1. desember 1975 og Guðrún 29. ágúst 1979. Erfingjar Ólafs voru börn hans, varnaraðilarnir Ástríður og Jóhannes. Guðrún átti ekki afkomendur, en hún gerði erfðaskrá 21. mars 1979. Samkvæmt henni arfleiddi hún sóknaraðila, Sigurð Kristmundsson, að 2. hæð hússins nr. 2 við Grundarstíg hér í borg og börn hans tvö að lóðarspildu úr landi Norðurkots, en það, sem þá var eftir af eignum hennar, skyldu stjúpbörn hennar, varnaraðilarnir Ástríður og Jóhannes, erfa að jöfnu. Eru þau því réttir aðilar að máli þessu, þar sem þau eiga samkvæmt erfðaskránni tilkall til þess hluta úr dánarbúi Kristbjargar, sem falla kynni til dánarbús Guðrúnar og ekki hefur verið skipt.

Telja verður, að erfingjar séu sameigendur bús með sérstæðum hætti og að fyrningarreglur laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda taki því ekki til erfðamála. Ber því að hafna þeirri röksemd varnaraðila, að krafa sóknaraðila sé fyrnd samkvæmt 2. mgr. 4. gr. nefndra laga.

Fjörutíu og átta og hálf tölur frá andláti Kristbjargar heitinnar Jónsdóttur, þar til sóknaraðilinn Erla Sampica Bjarnadóttir krafðist opinberra skipta á búi hennar. Liggur í hlutarins eðli, að sönnunarfærsla um, að skilyrði hafi ekki verið fyrir þeim skiptalokum, sem hér um ræðir, verður æ örðugri, eftir því sem lengri tími líður frá þeim, og bera sóknaraðilar hallann af því. Með vísan til sömu sjónarmiða og að ofan greinir um fyrningu

verður þó að telja, að tómlæti sóknaraðila horfi að öðru leyti ekki til réttar-
spjalla fyrir þá og að réttur þeirra til að krefjast opinberra skipta sé því ekki
niður fallinn sökum aðgerðaleysis þeirra.

Þá á 2. mgr. 84. gr. laga nr. 21/1990 hér ekki við, þar eð ekki verður litið
svo á, að um opinber skipti hafi verið að ræða, er dánarbúinu var framvísað
sem eignalaus.

Svo sem áður greinir, fékk Ólafur heitinn Jóhannesson, faðir varnaraðila
í máli þessu, bú Kristbjargar heitinnar Jónsdóttur, tengdamóður sinnar, sem
lést 1. júní 1947, framselt til sín sama ár, eftir að hann hafði tilkynnt skipta-
ráðandanum í Reykjavík um, að dánarfé væri ekki meira en fyrir útfarar-
kostnaði, sbr. 1. mgr. 10. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sem þá voru í gildi. Fram
er komið í málinu, að Kristbjörg heitin hafði síðasta tvö og hálf árið fyrir
andlátinu dvalist á heimili Ólafs og dóttur sinnar, Guðrúnar Sigurðardóttur,
og verður samkvæmt því að telja, að hann hafi haft góða yfirsýn yfir efna-
hag búsins. Engar athugasemdir voru gerðar við þennan háttinn á skipta-
lokum af hálfu skiptaráðanda.

Í málinu liggur fyrir afsal, dagsett 30. desember 1938, undirritað með
nafni Kristbjargar heitinnar Jónsdóttur samkvæmt handsali, en auk þess
hefur Sigurður Einarsson, eiginmaður Kristbjargar, ritað eigin hendi undir
afsalið til staðfestingar samþykki sínu fyrir nefndum gerningi sem maki
hennar. Með löggerningi þessum afsalar Kristbjörg sér eignarrétti yfir jarð-
eigninni Norðurkoti í Grímsnesi í Árnessýslu ásamt húsum öllum og mann-
virkjum, sem á jörðinni eru og Kristbjörg átti, sem og girðingum, er jörð-
inni tilheyrdi. Undanskilið í sölunni var þó „land það úr Norðurlandslandi,
sem liggur frá Öndverðarness mörkum að sunnan að svonefndum Vaðlækj-
um að norðan og takmarkast af Álftavatni á aðra hlið, Sogsveginum á hina
hlið.“

Upplýst er í málinu, að áður en ofangreind sala fór fram, þ. e. á árunum
1934 til 1935, hafði stærstur hluti þeirrar landspildu, sem undanskilin var í
afsalinu til Kristínar Halldórsdóttur, verið seldur úr henni. Þessu til viðbót-
ar fóru fram nokkrar sölur úr landskika þessum árin 1941 til 1944. Undir
alla afsalsgerningana hefur fyrrnefndur Ólafur Jóhannesson ritað nafn sitt
f. h. Kristbjargar Jónsdóttur sem seljanda. Þá er það að nefna, að þrátt fyrir
það að skráningu Fasteignamats ríkisins á eignum verði ekki jafnað til
eignarheimildar, þykir mega hafa hliðsjón af því, að samkvæmt útskrift
þessarar opinberu stofnunar, sem fyrir liggur í málinu, virðast vera skráðir
eigendur að öllu Norðurlandslandi, þar með töldu því landi, sem undanskilið
var í sölunni 1938 til Kristínar Halldórsdóttur.

Af hálfu sóknaraðila er gefið í skyn, að andvirði hins selda lands Krist-

bjargar heitinnar hafi runnið inn í félagsbú Ólafs Jóhannessonar og Guðrúnar Sigurðardóttur, en svo sem áður greinir, undirritaði Ólafur öll afsöl fyrir sölu á landskikum úr Norðurkoti fyrir hönd Kristbjargar. Af því tilefni verður ekki hjá því komist að áréttta, að skipti á dánarbúi þeirra hjóna, Ólafs og Guðrúnar, fóru fram árið 1980. Í skiptagerð, dagsettri 27. júlí það ár, kemur m. a. fram, að sóknaraðilinn Sigurður Kristmundsson fékk í sinn hlut samkvæmt fyrrnefndri erfðaskrá Guðrúnar íbúð á 2. hæð Grundarstígs 2 hér í borg ásamt hluta af kjallara og börn sóknaraðilans um það bil 6000 fermetra spildu úr Norðurkotslandi. Undir þessa skiptagerð ritaði Sigurður athugasemdalaust.

Samkvæmt síðasta skattframtali Kristbjargar, sem fyrir liggur í málinu, frá árinu 1946 vegna tekjuársins 1945 er eina eign hennar talin „Símastöðin (gamla)“, sem í framtalinu er metin á 2.900 kr. Á framtalið er ritað, að Kristbjörg sé á framfæri hjá tengdasyni sínum, Ólafi Jóhannessyni, síðan fyrrnefndur maður hennar dó 28. desember 1944. Tekjur Kristbjargar árið 1945 námu samkvæmt framtalinu samtals 2.257,63 kr., þar af 1.007,63 kr. sem andvirði seldra muna „dánarbúsins“. Gjöld voru samtals að fjárhæð 2.968,45 kr., þar af 2.553,20 kr. vegna útfararkostnaðar, væntanlega vegna útfarar eiginmanns Kristbjargar, sem lést, svo sem áður greinir, í árslok 1944. Tekjur Kristbjargar umfram gjöld voru því 710,82 kr. og hrein eign að verðmæti 2.900 kr.

Þrátt fyrir það að skiptum hafi verið lokið með framsali eigna samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl., sbr. áður samsvarandi ákvæði í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 3/1878, getur sá, er rökstyður fyrir sýslumanni, að eignir kunni að hafa verið vantaldar, krafist skrásetningar og eftir atvikum mats á eignum samkvæmt 17.-23. gr. nügildandi skiptalaga. Þá á hann þess jafnframt kost samkvæmt lögnum að krefjast opinberra skipta, sbr. 2. mgr. 38. gr. skiptalaga, en til þess að sú krafa verði tekin til greina, verður skiptabeiðandi að sýna fram á, að skilyrði hafi ekki verið til að ljúka skiptum með þeim hætti, sem um ræðir í máli þessu. Hafa sóknaraðilar valið síðarnefndu leiðina, en 1. mgr. 38. gr. laganna á hér augljóslega ekki við, þar sem skiptum lauk í dánarbúinu með þeim hætti, sem að fram- an greinir, þegar árið 1947.

Það er algjör forsenda þess, að opinber skipti samkvæmt 2. mgr. 38. gr. skiptalaga verði heimiluð, að erfingi eða erfingjar sýni fram á það með órækum hætti, að eignir dánarbúsins hafi verið meiri en nam útfararkostnaði, þegar þeim lauk. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að telja, að ekki hafi af hálfu sóknaraðila verið lögð fram nein haldbær sönnunargögn fyrir því, að eignir dánarbús Kristbjargar heitinnar Jónsdóttur hafi

verið meiri en nam útfararkostnaði, er skiptum á búinu lauk árið 1947. Verður öllu heldur að telja, að síðasta fyrirbyggjandi skattframtal hennar frá árinu 1946 bendi til þess, að eignir búsins hafi ekki verið meiri en svo, að dygðu fyrir umræddum kostnaði. Samkvæmt því ber að hafna kröfu sóknaraðila um, að dánarbú Kristbjargar Jónsdóttur verði tekið til opinberra skipta, og úrskurða þau óskipt til að greiða varnaraðilum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 120.000 kr., án virðisaukaskatts.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Erlu Sampica Bjarnadóttur og Sigurðar Kristmundssonar, að fram fari opinber skipti á dánarbúi Kristbjargar Jónsdóttur, sem lést 1. júní 1947 og síðast var til lögheimilis að Grundarstíg 2, Reykjavík, er hafnað.

Sóknaraðilar greiði varnaraðilum, Ástríði Ólafsdóttur og Jóhannesi Ólafssyni, óskipt 120.000 kr. í málskostnað.
